



## Fundargerð

**437. fundur** í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 fimmtudaginn 14. nóvember 2019. Þetta er 11. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskrað af Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra og er 5 blaðsíður. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna. Jóna Björk Jónsdóttir Z-lista og Katrín Gunnarsdóttir D-lista boða forföll. Í þeirra stað eru mætt Gústaf B. Pálsson 1. varamaður Z-lista og Jón Hrafn Karlsson 1. varamaður D-lista. Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

### Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfund

4. nóvember sótti oddviti Skólaping Sambands íslenskra sveitarfélaga á Grand Hotel. 7. nóvember hittu oddviti, sveitarstjóri, Jóna Björk og Fanney Ólöf umhverfisráðherra í Skaftafelli vegna áforma um miðhálendisþjóðgarð. 7. – 10. nóvember var haldin Uppskeru- og þakkarhátíð í 10. sinn í Skaftárhreppi og færur við íbúum þakkir fyrir þátttökuna. 8. nóvember sótti sveitarstjóri vinnufund vegna heimsmarkmiðanna í Umhverfisráðuneytinu og oddviti flutti þann sama dag erindi um sama efni á Skipulagsdegi sveitarfélaganna í Hörpu. 11. nóvember sátu sveitarstjóri og oddviti símafund með landeigendum Klausturjarða. 13. nóvember áttu oddviti, sveitarstjóri og skipulags- og byggingarfulltrúi fund í HÍ með ReSource vegna tilraunaverkefnis í úrgangsstjórnun. Sama dag áttu sveitarstjóri og oddviti fund með fulltrúum Kötlunarjarðvangs og Umhverfisstofnunar vegna mögulegs samstarfs um uppbyggingu í Eldhrauni í tengslum við landsáætlun um uppbyggingu innviða. Í síðustu fundargerð sveitarstjórnar var bókað vegna Eldvilja í tengslum við uppbyggingu þekkingarseturs. Rangt var farið með eignarhlutfall Eldvilja í bókuninni en hið rétta er að félagið er í 40% eigu Skerjavalla ehf., 20% Skaftárhrepps og 40% í eigu Kirkjubæjarstofu.

### Dagskrá

#### I. Fundargerðir til samþykktar

1. Aðalfundargerð Félags- og skólajónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu 2019 dags 22.10.2019

2. Ákvörðun um breytingu á samþykktum samlagsins, ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara sbr. 7. gr.

Tillaga barst frá stjórn um nýjar samþykktir fyrir Byggðasamlag um félags- og skólajónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Tillaga um breytingu á 2. mgr. 5. gr. samþykktanna um að málsgreinin falli á brott. Málsgreinin er eftirfarandi: „Æskilegt er að aðalmenn séu fulltrúar í sveitarstjórnnum sinna sveitarfélaga“.

Breytingatillaga samþykkt.  
Samþykktirnar í heild sinni samþykktar samhljóða.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir samþykktirnar fyrir sitt leyti.  
Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

2. Fundargerð 166. fundar fræðslunefndar, dags. 05.11.2019



## Kl. 10.00 - Heilsuleiksskólinn Kæribær.

### 1. Fjárhagsáætlun 2020

Gera þarf ráð fyrir endurskoðun á ráðningasamningi við leikskólastjóra vegna vinnuálags. Að öðru leiti gerir fræðslunefnd ekki athugasemd við fjárhagsáætlun leikskólans fyrir árið 2020.

Sveitarstjórn vísar málinu til umræðu um fjárhagsáætlun 2020.

### 2. Öryggismál nemenda.

Leikskólastjóri lýsir yfir áhyggjum af því að ekki eru komin gler í innihurðar í leikskólanum, fræðslunefnd tekur undirþær áhggjur og hvetur sveitarstjóra til að sjá til þess að úr þessu verði bætt.

Sveitarstjórn tekur undir áhyggjur fræðslunefndar. Gert er ráð fyrir verkefninu í fjárhagsáætlun 2020.

## Kl. 11:30 - Fræðslunefnd.

Fræðslunefnd óskar eftir að sett verði fjármagn í að undirbúa innleiðingu heilsueflandi skóla, til að fræðslunefnd geti kynnt sér starfssemi slíkra skóla og hugsanlegum kostnaði við kynningu.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa erindinu til vinnu við fjárhagsáætlun.

## 13:00- Kirkjubæjarskóli á Síðu.

### 4. Öryggismál nemenda

Aðgengi að skólabygingunni hefur verið breytt, aðalinngangur skólans er nú milli sundlaugar og skóla. Umhverfi skólans var rætt með tilliti til umferðar vélknúinna ökutækja á og við skólalóð. Umferðarhraði þykir of mikill á Klausturvegi og bent er á þörfina á vegriði fyrir ofan sparkvöllinn. Götulýsingu þarf að bæta. Skorað er á sveitarstjórn að auka öryggi skólalóðar.

Sveitarstjórn þakkar ábendinguna og óskar eftir nánari tillögum að úrbótum frá fræðslunefnd.

### 3. Bókun Z-lista á fundi sveitarstjórnar 31.október 2019(15.liður undir málefnum til umfjöllunar /afgreiðslu).Í bókun Z-listans er athugasemd gerð við að fræðslunefnd hafi ekki fundað síðan 29.ágúst.

Fulltrúar D lista vilja koma því á framfæri, að skv. Erindisbréfi fræðslunefndar skal fræðslunefnd funda a.m.k. sex sinnum á ári. Þessi fundur er sá sjötti á árinu og sá sjöundi er fyrirhugaður fyrir árslok. Fræðslunefnd er því að sinna skyldu sinni og því sem henni er ætlað til fundarhalds. Jafnframt vilja fulltrúar D listans benda á að fulltrúum í fræðslunefnd er hvenær sem er heimilt að biðja um fund í nefndinni. Enginn fulltrúi hefur beðið um fund og engin haft samband við formann fræðslunefndar vegna málsins.

GBP.

Bjg

ASH

JHK





*D listi sveitarstjórnar tekur undir bókun fræðslunefndar, og ítrekar að bæði sveitarstjórnar og nefndarfólk nýti þær leiðir sem færar eru innan stjórnsýslunnar til að koma að málum.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.*

## II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

### 1. 1911002 Álagning og gjaldskrár

*Útsvarshlutfall verður 14,52%. Fasteignaskattur verður óbreyttur: Fasteignagjöld skv. a-lið, íbúðir og útihús, 0,625% Fasteignagjöld skv. b- lið opinbert húsnæði 1,32% Fasteignagjöld skv. c- lið, atvinnuhúsnæði, 1,65%. Gjaldskrá fráveitu; Fráveitugjald verði 0,25% af fasteignamati húss og lóðar á Kirkjubæjarklaustri. Gjaldskrá sorphirðu- og sorpeyðingargjalda er óbreytt að sinni á meðan unnið er að endurskoðun á fyrirkomulagi á sorphirðu sveitarfélagsins. Fráveitu- og sorpgjöld verði innheimt með fasteignagjöldum. Gjald dagar fasteignagjalda verði samtals 9 og hefst innheimta 1. febrúar. Eindagi verði 30 dögum eftir gjalddaga. Gjald dagi er einn ef gjald er lægra en 15.000 kr. Gjald dagar eru tveir ef gjald er lægra en 40.000 kr. Reglur um afslátt af fasteigna- og fráveitugjöldum til elli- og örorkulífeyrisþega. Reglurnar verði uppfærðar miðað við launavísitölu.*

*Gjaldskrár íþróttamannvirkja, félagsheimila, hunda- og kattahalds og slökkviliðs verða óbreyttar.*

*Ný gjaldskrá vegna skipulags- og byggingarmála ásamt gatnagerðargjöldum kemur til framkvæmda 2020. Aðrar gjaldskrár Skaftárhrepps taka vísitölubreytingum þ.e. gjaldskrár skólastofnana og mótuneytis.*

*Verðlaun fyrir refa- og minnkaveiði verða eftirfarandi; Refir kr. 9.000,- á dýr. Yrðlingar kr. 6.000,- á dýr. Minkar kr. 4.500,- á dýr*

*Sveitarstjórn samþykkir álagningar og gjaldskrá 2020*

2. 1911003 Beiðni um umsögn vegna umsóknar Sigurðar Ómars Sigurðssonar um nýtt rekstrarleyfi að Stórutorfu 9, fnr 234-1460 til sölu gistingar í flokki II, minna gistiheimili. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 08.11.2019.  
*EBH, JHK, GBP og AH gera ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila. BG situr hjá við afgreiðslu málsins vegna aðkomu sinnar sem slökkviliðsstjóri á síðari stigum.*
3. 1911005 Styrkbeiðni frá Fótspori, félagi um sögu og minjar í Skaftárhreppi, dags. 5.11.2019  
*Sveitarstjórn þakkar erindið og vísar því til vinnu við fjárhagsáætlun næsta árs.*
4. 1911006 Ályktun vegna tilkynningar fjarskiptafyrirtækja um lokun á talsímakerfi yfir kopar.

*Sveitarstjórn Skaftárhrepps lýsir áhyggjum sínum á því að leggja eigi niður talsímasamband um koparlínu í lok árs 2020. Með tilliti til mögulegrar náttúruvár í sveitarfélaginu er mjög mikilvægt að tryggja öruggar fjarskiptaleiðir. Ljóst er að tryggt fjarskiptasamband í gegnum ljósleiðara eða fjarskiptasenda er ekki til staðar í öllu*



sveitarfélaginu. Sveitarstjórn óskar því eftir upplýsingum frá Póst- og fjarskiptastofnun um hvernig þeir hyggtast tryggja fjarskiptasamband á þeim svæðum.

Eva Björk Harðardóttir oddviti lýsir yfir vanhæfi vegna næsta liðar og vikur af fundi. Bjarki Guðnason varaoddviti tekur við stjórn fundarins.

5. 1910023 Verðfyrirspurn vegna snjómoksturs á Kirkjubæjarklaustri  
Þrír aðilar sendu tilboð í snjómokstur á Kirkjubæjarklaustri 2019-2022

Digríklettur 224.000 – 8 klst

Rúnar Þ Guðnason 166.500 – 9 klst

Páll S Oddsteinsson 71.500 – 5 klst

Sveitarstjórn samþykkir að gengið verði til samninga við Pál S. Oddsteinsson.

Eva Björk Harðardóttir oddviti kemur aftur til fundarins og tekur við stjórn hans.

6. 1910013 Fjárhagsáætlun Álftaversafréttar fyrir árið 2020. Fjallskilanevnd  
Álftaversafréttar, dags. 31.10.2019  
Sveitarstjórn vísar áætluninni til vinnu við fjárhagsáætlun næsta árs.

## II. Fundargerðir til kynningar

1. Aðalfundargerð Bergisans bs, dags. 23.10.2019. Fundargerð kynnt.
2. Fundargerð 875. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 25.10.2019. Fundargerð kynnt.
3. Fundargerð 77. fundar Svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs dags. 10.10.2019. Fundargerð kynnt.
4. 1809005 Fundargerð 85. fundar menningarmálanefndar, dags. 05.09.2019. Fundargerð kynnt.
5. 1809005 Fundargerð 88. fundar menningarmálanefndar, dags. 06.11.2019. Fundargerð kynnt.
6. 1904014 Fundargerð 4. upplýsingafundar um atvinnu- og kynningarmál, dags. 15.10.2019. Fundargerð kynnt.

## IV. Annað kynningarefni

1. Sameiningar sveitarfélaga. Capacent. Kynnt
2. Gjaldskrá fyrir matvæla, heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Kynnt
3. Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Suðurlands 2020. Kynnt
4. 1910013 Áætluð framlög sveitarfélaga til SASS 2020. Kynnt
5. Leiðbeiningar til sveitarfélaga vegna skólaaksturs í grunnskóla. Mennta- og Menningarmálaráðuneytið, dags. 04.11.2019. Kynnt
6. 1902019 Samþykkt úrbótaáætlun. Umhverfisstofnun dags. 08.11.2019. Kynnt
7. Jafnréttisáætlanir sveitarfélaga. Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 30.10.2019. Kynnt
8. 1911004 Áreiðanleikakönnun. Lánasjóður Sveitarfélaga, dags. 21.10.2019. Kynnt

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður 16. desember 2019

Fundi slitið kl. 14:07

GBP.  
BVG

AM  
JHT



*Eva Björk Harðardóttir*

Eva Björk Harðardóttir

*Bjarki V. Guðnason*

Bjarki Guðnason

*Jón Hrafn Karlsson*

Jón Hrafn Karlsson

*Gústaf B. Pálsson*

Gústaf B. Pálsson

*Arndís Harðardóttir*

Arndís Harðardóttir